



Vistvæn Innkaup

Verklagsregla

Tilgangur og gildissvið

Tilgangur verklagsreglunnar er að lýsa þeim viðmiðum sem notuð skulu við val á vörum, þjónustu og verkþökum sem tengjast þýðingarmiklum umhverfis- og öryggisþáttum í starfsemi HÍ. Verklagsreglan gildir fyrir alla starfsemi Háskólans.

Ábyrgð

Innkaupastjóri ber ábyrgð á að verklagsreglan sé rétt á hverjum tíma og allir þeir sem annast innkaup fyrir skólann bera ábyrgð á að unnið sé samkvæmt henni.

Framkvæmd

Með vistvænum innkaupum er átt við að velja þá vöru eða þjónustu sem er síður skaðleg umhverfinu eða heilsu manna og ber sama eða lægri líftímakostnað samanborið við aðrar vörur og þjónustu sem uppfylla sömu þörf.

Innkaup HÍ eru annars vegar miðlæg í höndum innkaupastjóra/fjármálasviðs og hins vegar dreifð innkaup á hverju sviði fyrir sig. Allir aðilar sem sjá um innkaup þurfa að framfylgja stefnu og markmiðum HÍ í umhverfis- og öryggismálum, það er að tekið sé tillit til umhverfis- og öryggissjónarmiða við innkaup og velja vörur sem eru síður skaðlegar umhverfinu. Leitast skal við að velja vörur með viðurkenndum umhverfis- og öryggismerkjum fram yfir aðrar og þjónustuaðila sem starfar eftir viðurkenndu umhverfisstjórnunarkerfi og hefur framkvæmt áhættumat starfa.

Vörur og þjónusta í innkaupastýringu vegna umhverfis- og öryggismála

Hér fyrir neðan má sjá þá vöruflokka sem eru í innkaupastýringu hjá HÍ og hvernig þeir tengjast þýðingarmiklum umhverfis- og öryggisþáttum í starfsemi HÍ:

Mikilvægir umhverfis- og öryggisþættir sem eru í vistvænni innkaupastýringu	Vöruflokkar í vistvænni innkaupastýringu	Flokkar þjónustuaðila og verkþaka sem eru samþykktir
Raforka	<ul style="list-style-type: none">Raftæki (tölvur, prentarar, ljósritunarvélar, símar ofl.)Raforka (upprunavottorð)Lýsing	<ul style="list-style-type: none">Orkufyrirtæki, sem lesa af rafmagnsmælum
Heitt og kalt vatn	<ul style="list-style-type: none">Heitt og kalt vatn	<ul style="list-style-type: none">Orkufyrirtæki, sem lesa af vatnsmælum
Pappír	<ul style="list-style-type: none">Pappírsvörur t.d. gæðapappír og kynningarefni, hreinlætispappír	<ul style="list-style-type: none">Umhverfisvæn prentþjónusta

Eldsneyti (bifreiðar og tæki)	<ul style="list-style-type: none"> Bifreiðar í eigu og rekstri HÍ Sláttuorf, hekkklippur, vinnuvélar 	<ul style="list-style-type: none"> Bifreiðastöðvar, panta vistvæna bíla Bílaleigur
Varasöm efni	<ul style="list-style-type: none"> Merkingarskyld efnavara bæði til reksturs (málning, bón...) og rannsókna 	<ul style="list-style-type: none"> Þjónusta við þrif Verktakar í framkvæmdum
Fastur úrgangur	<ul style="list-style-type: none"> Á ekki við 	<ul style="list-style-type: none"> Fastur úrgangur er flokkaður samkvæmt ákveðnu kerfi. Þjónustuaðili við sorphirðu skal fylgja því kerfi. Verktakar í framkvæmdum
Spilliefni	<ul style="list-style-type: none"> Á ekki við 	<ul style="list-style-type: none"> Spilliefni eru flokkuð samkvæmt ákveðnu kerfi. Þjónustuaðili sem tekur við spilliefnum skal fylgja því kerfi. Verktakar í framkvæmdum
Kennsla	<ul style="list-style-type: none"> Á ekki við 	<ul style="list-style-type: none"> Stundakennarar – athuga hjá starfsmannasviði hvaða upplýsingum er komið til þeirra um stefnu HÍ í umhv. Og öryggismálum
Öryggiskerfi	<ul style="list-style-type: none"> Á ekki við 	<ul style="list-style-type: none"> Öryggisfyrirtæki sem þjónustar HÍ varðandi öryggiskerfi og eldvarnareftirlit

Kröfur til þjónustuaðila og verktaka

Innkaupastjóri heldur skrá yfir viðurkennda þjónustuaðila og verktaka. Til þess að verða samþykktur verktaki eða þjónustuaðili HÍ þarf viðkomandi að uppfylla neðangreind viðmið. Þjónustuaðilar og verktakar þurfa að vera með gilt starfsleyfi þegar það á við. Vörur viðkomandi þjónustuaðila og verktaka skulu jafnframt uppfylla neðangreind viðmið þegar það á við.

Við kaup á þjónustu eða verktöku skal upplýsa viðkomandi aðila um umhverfis- og öryggisstefnu HÍ og afhenda vinnulýsingu „[VLY-0447 Upplýsingar um umhverfis- og öryggismál hjá HÍ fyrir verktaka og þjónustuaðila](#)“.

Viðmið fyrir vörur

Viðurkennd umhverfismerking er trygging fyrir því að viðkomandi vara uppfyllir ströngustu umhverfiskröfur og að umhverfisáhrif hennar hafi markvisst verið lágörkuð á öllum stigum lífsferils hennar, án þess að það sé á kostnað virkni eða gæða vörunnar. Dæmi um viðurkennd umhverfismerki eru:

- Svanurinn (opinbert umhverfismerki Norðurlandanna sem gerir lágmarkskröfur um umhverfisframmistöðu vöru eða þjónustu ásamt kröfum um gæði og heilnæmi)

- Blómið (opinbert umhverfismerki Evrópubandalagsins)
- Blái engillinn (opinbert umhverfismerki Þýskalands)
- Fálkinn (umhverfismerki sænsku náttúruverndarsamtakanna)
- FSC merkið (Forest Stewardship Council merkið er notað á timbur og vörur sem unnar eru úr skógum sem stjórnað er með sjálfbærum hætti).



Viðurkennd öryggismerking er CE merking á tækjum auk persónulegs öryggisbúnaðar hvers konar og persónuhlífa sem fæst hér á landi eða í Evrópu.

Fyrirtæki með **vottað umhverfis- og öryggisstjórnunarkerfi** uppfyllir kröfur um markvissa stjórnun umhverfis- og öryggisþátta í starfseminni.

Hér fyrir aftan koma viðmið fyrir þá vörflokka sem tengjast mikilvægum umhverfis- og öryggisþáttum. Huga þarf að þessum viðmiðum hvort sem verið er að kaupa vörur eða þjónustu sem felur í sér notkun slíkrar vöru. Listinn er ekki tæmandi.

Raftæki

Hér er um að ræða allar vörur sem nota rafmagn s.s. tölvur, prentarar, ljósritunarvélar, símar og önnur raftæki t.d. á rannsóknastofum þegar því verður við komið.

Umhverfisáhrif raftækja tengjast helst orkunotkun meðan á notkun tækisins stendur ásamt áhrifum tengdum hita, hávaða og ósonmengun. Einnig geta verið neikvæð umhverfisáhrif vegna förgunar þegar tækið er búið að skila sínu

! Velja skal raftæki sem notar sem minnsta raforku og er merkt með viðurkenndum umhverfismerkjum ef hægt er. Þessi merki gera kröfur til vörunnar um orkunotkun, hávaða og þungmálmáinnihald.

Viðurkennd umhverfismerki fyrir raftæki eru t.d: Svanurinn, Blái engillinn, Blómið eða Fálkinn.



Einnig eru til önnur merki sem sérstaklega eru ætluð rafmagnsvörum til að tryggja lága rafmagnsnotkun



svo sem: TCO (gerir kröfur um gæði og góða umhverfisframmistöðu, m.a. orkunýtingu rafmagns- og skrifstofutækja ásamt kröfum til annarra umhverfisþátta og vinnuumhverfis) og Energy star (Bandarískt umhverfismerki sem gerir kröfur um orkunýtingu rafmagnstækja, s.s. tölvubúnaðar og hvítvara).

- ! Við val á ljósritunarvélum/prenturum skal hafa í huga:
 - að hægt sé að ljósrita/prenta báðum megin á blaðið
 - að vélin geti ljósritað á 100% endurunninn pappír
 - að hægt sé að nota enduráfillanleg tóner-hylki
 - að til séu upplýsingar um hávaða frá vélinni og ósonmengun frá tækinu.
- ! Velja skal LED ljósaperur þar sem því verður við komið.
- ! Önnur raftæki en tölvubúnað og skrifstofuvörur ætti að velja í sem lægstum orkuflokki skv. orkumerkingum Evrópusambandsins.

Bifreiðar og önnur tæki sem nota eldsneyti

- ! Hí leggur áherslu á að kaupa vistvænar bifreiðar eftir því sem hægt er. Tekið er tillit til eldsneytiseyðslu við innkaup.

Pappír og prentað efni

Hér er átt við skrifstofupappír (A4) og prentað efni sem er unnið í prentsmiðju.

Lágmarka skal notkun pappírs eins og kostur er.

Umhverfisáhrif þessara vörutegunda tengjast helst eyðingu skóga, framleiðslunni þ.e. vatns- og orkunotkun, úrgangsmýndun og efnanotkun s.s. klórefni til bleikingar.

- ! Velja skal pappír sem er merktur með viðurkenndu umhverfismerki sem gerir kröfur um að varan sé framleidd á þann hátt að hún skaði umhverfið sem minnst og að varan sé framleidd úr nytjaskógum sem nýttir eru á sjálfbæran hátt.
- ! Velja skal prentþjónustu sem er umhverfismerkt (s.s. með Svansmerkinu) eða sem vinnur samkvæmt vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi (s.s. ISO 14001 eða EMAS).


Viðurkennd umhverfismerki fyrir pappír eru t.d Svanurinn, Blómið, Blái engillinn og FSC merkið.

Merkingarskyld efnavara

Með varasömum efnum er átt við efni sem eru merkt með hættumerkjum. Hér er aðallega um að ræða efni sem nota skal á rannsóknastofum háskólans auk hreinlætis- og ræstiefna, og prenthylkja.

Lágmarka skal notkun á varasömum efnum eins og kostur er.

Umhverfisáhrif þessa vörflokks eru tengd skaðlegum áhrifum á fólk og umhverfi.



Hættumerki fyrir varasöm efni:



! Varast skal að nota efni í rekstri fasteigna sem merkt eru með:



Tilvísanir

- [VLY-0447 Upplýsingar um umhverfis- og öryggismál hjá HÍ fyrir verktaka og þjónustuaðila](#)
- [SKR-0714 Viðurkenndir þjónustuaðilar og verktakar](#)